

virðist hafa verið sameinað við fyrst um sinn, verða að vera bundin við ákvörðun fjárlaganna, sje jeg mjer ekki fært að veita nefnda þóknun.

59
20. marz

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um vegabætur á Holtavörðuheiði.* — Um leið og þjer senduð mjer reikning fyrir vegabótum þeim, er unnar hafa verið í fyrra á Holtavörðuheiði og kostað hafa 1891 kr., hafid þjer, herra amtmaður, í brjefi frá 31. jan. þ. á. lagt það til, að vegabótum þessum verði haldið áfram í sumar; og að til þess verði veittar 1600 kr., teljið þjer líklegt að megninu af vegabótunum á fjallinu sjálfu þá verði komið af, jafnvel þótt nokkru fje þurfi að verja til að fullgjöra þá kafla vegarins, sem verið var að gjöra við í sumar er leið.

60
22. marz

Tillögur þessar eru hjer með samþykktar, og eruð þjer, herra amtmaður, þjónustusamlega beðnir að gjöra þær ráðstafanir, sem á þarf að halda í þessu efni, og senda mjer á sínum tíma skoðunargjörð á því, sem unnið hefir verið, og reikning um kostnað við það.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um vegabætur á Vatnsskarði og Öxnadalsheiði.* — Samkvæmt tillögum sýslunefndanna í Skagafjarðar- og Húnavatnssýslum hefi jeg veitt af fje því, sem nefnt er í 10. gr. C 6 fjárlaganna, 1000 kr. til vegabóta á Öxnadalsheiði, 400 kr. til vegabóta á fjallveginum yfir Vatnsskarð og 200 kr. til viðurhalds á vegabótum, er áður hafa verið gjörðar á þessum tveimur fjallvegum. Skora jeg þjónustusamlega á yður, herra amtmaður, að hlutast til um, að vegabætur þessar verði unnar á næsta sumri, á sem haganlegastan, traustastan og kostnaðarminnstan hátt, og býst jeg við að fá að afloknu verki skoðunargjörð á því og reikning um kostnaðinn.

61
24. marz

Auglýsing.

Samkvæmt brjefi ráðgjafans fyrir Ísland frá 7. desember f. á. eru með þessari auglýsingu hin eldri íslenzku ríkismyntar-póstmerki (skildinga-póstmerki) innkölluð með missiris fyrirvara, og verða þann tíma látni í skiptum fyrir þau nýu krónumyntar-póstmerki (aura-póstmerki) á viðkomandi pósthöfðum.

62
27. marz

Að misseri liðnu skulu öll þau skildinga-póstmerki., er ekki hafa verið innleyst, vera ógild og ónýt.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík 27. marz 1877.

Hilmar Finsen.

Jón Jónsson.

— *Brjef landshöfðingja til biskups um útbýtingu 2000 kr. meðal fátækra brauða.* — Í brjefi frá 3. þ. m. hafid þjer, herra biskup, tekið fram, að eptir að uppbót sú, sem ákveðin var með brjefi landshöfðingja frá 17. janúar f. á. handa Staðar-prestakalli í Aðalvík, hafði verið hækkuð upp í 400 kr., og Kviabekkjar, Svalbarðs, Bergstaða og Reynisþinga prestaköll hafa verið veitt, eins og þau voru bætt með nefndu brjefi, eru enn eptir 800 kr. fyrir árið 1877 af því fje, er 13. gr. A. b. 1. í fjárlögum til tekur handa fátækustu brauðunum, og leggið þjer til, að þeim verði þannig úthlutað:

63
5. apríl